# Velkomin á 42. aðalfund Landssambands smábátaeigenda

- **Áform Samgöngustofu:** Lögskráning og afskráning fyrir hvern róður
  - Áformin sett á ís — vonandi til frambúðar
- **Björgunarbátar:** Tvær skoðunarstöðvar misstu starfsleyfi
  - Mikilvægt að draga úr röskun og verja hagsmuni félagsmanna

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

# Stefnumálin

INNLENT

# Grásleppufrumvarpið samþykkt

Árni Sæberg skrifar 4. mars 2026 17:19



Lilja Rafney var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. VÍSIR/VILHELM

Grásleppufrumvarp meiri hluta atvinnuveganefndar hefur verið samþykkt. Með því er kvótakerfi sem komið var á 2024 með grásleppu lagt af og hið gamla dagakerfi tekið upp að nýju.

200 mílur | Morgunblaðið | 19.3.2026 | 9:02

# Mótmæla frumvarpinu harðlega



Kjartan Páll Sveinsson segir óskynsamlegt að taka örfá tonn af næstminnstu útgerðunum til að láta í minnstu útgerðirnar. *mbl.is/Karítas*



Formaður Landssambands smábátaeigenda (LS) telur engar skýrar ástæður liggja að baki því að afnema línuívilnun og segir það munu hafa alvarleg áhrif á landsbyggðina. Enn fremur segir hann óljóst hvaða áhrif tímabundin jöfnunarheimild muni hafa fyrir strandveiðar.

Lengi hefur það legið í loftinu að mikil uppstokkun liggi fyrir dyrum í byggðakerfinu svokallaða og hefur mönnum orðið tíðrætt um að stjórnvöld hyggist bólstra strandveiðarnar á kostnað línuívilnunar.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda



200 mílur | Morgunblaðið | 1.10.2026 | 9:30 | Uppfært 10:35

# Í húsi með átta strandveiðibáta




Hjá vélaverkstæðinu er 800 fermetra bátahús og unnið í öllum veðrum. *Ljósmynd/JE vélaverkstæði*



Morgunbladid

Óli Kristján Ármannsson
oli@mbl.is

Setja bókamerki

Hlusta á fréttina
2 mín

Mikil vinna tengd viðhaldi og breytingum á strandveiðibátum endurspeglar hversu vel gekk á strandveiðum í sumar, segir Hjalti Gunnarsson hjá JE vélaverkstæði á Siglufirði.

„Núna eru komnir inn hjá mér átta bátar og fjórar nýjar vélar sem eru að fara niður í bátana. Allt strandveiðifólk," segir Hjalti. „Það eru vélar hérna inni á gólfi hjá mér fyrir 20 milljónir eða meira."

Áður segir hann að óvissa tengd aflamarki í strandveiðunum hafi haldið aftur af mönnum, en eftir vertíðina í ár sé engan bilbug að finna.

„Þetta var náttúrlega frábær vertíð, sérstaklega hérna fyrir norðan. Hraðfiskararnir voru komnir inn átta eða níu um morguninn og hæggengu bátarnir komu rétt eftir hádegi og þá búnir með skammtinn sinn. Og það var þá 6-7 hundruð þúsund kall dagurinn."


LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

# Hafró og ráðgjöfin

**Svigrúmið sem gufaði upp:**

- Stórútgerðin kærði og stjórnvöld lögðu árar í bát
- 1.000 tonn til strandveiða = 19.000 tonna viðbót í stóra kerfið
- Lokað á mikilvægt úrræði
- En til hvers…?

# Hafró og ráðgjöfin




- En smábátar eru vandamálið…?!

# „Þetta er óhjákvæmilegur meðafli“

Jón Ísak Ragnarsson skrifar 26. nóvember 2024 17:18





Jón Gunnarsson er sérstakur fulltrúi Bjarna Benediktssonar í matvælaráðuneytinu. VÍSIR/VILHELM

Bjarni Benediktsson matvælaráðherra hefur gefið út 3,800 tonna kvóta á djúpkarfa, en ráðlagður heildarafli Hafrannsóknarstofnunnar fyrir fiskveiðiárið er 0 tonn. Jón Gunnarsson, aðstoðarmaður matvælaráðherra, segir að djúpkarfi sé óhjákvæmilega veiddur sem meðafli, og með kvótanum sé hægt að nýta hann í verðmætasköpun.

## Hrygningarstofninn lítill og nýliðun slæm

Þorsteinn Sigurðsson forstjóri Hafrannsóknarstofnunnar segir að hrygningarstofn djúpkarfans sé lítill, og nýliðun slæm. Hins vegar viti þau að djúpkarfi sé meðafli með öðrum veiðum.

„Þetta er bara staðan, þeir hafa væntanlega tekið samtal við einhverja eða verið í samtali við útveginn og einhverja hagaðila og ákveðið að hlusta á það frekar en að fara stíft eftir þeirri ráðgjöf sem kom frá okkur í júní,“ segir hann.

„Við förum ekkert endilega í þunglyndi þótt ráðgjöf okkar sé ekki fylgt í einu og öllu,“ segir Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunnar.

Sjávarútvegur Matvælaframleiðsla

200 mílur | mbl | 30.5.2025 | 10:22

# „Líkur á að þetta sé alls ekki sjálfbært“



Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar *mbl.is/Arnþór*

**mbl.is**

Egill Aaron Ægisson
egillaaron@mbl.is

Setja bókamerki

Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir nýju frumvarpi atvinnuvegaráðherra um strandveiðitímabil í sumar fylgja hætta á að veiðiálag verði umfram hámarksafrakstur. Það séu ekki góðar fréttir fyrir fiskistofn sem þjóðin hafi verið að nýta með skynsömum hætti í langan tíma.

Greint hefur verið frá því að Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra vilji víkja frá skyldum Fiskistofu um að stöðva strandveiðar svo að hægt verði að tryggja 48 daga strandveiðitímabil í sumar.

Þá yrði henni einnig heimilt að ráðstafa auknu aflamagni til strandveiða við núverandi á fiskveiðiárinu en viðbótaraflamagn myndi dragast frá því magni sem dregið yrði frá heildaraflamarki og ætti að fullu að vera fært til baka eigi síðar en á fiskveiðiárinu 2028/2029.

## Tengdar fréttir

### Strandveiðar




LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

# Verkefnin framundan

Iceland + Add to myFT

# Donald Trump jolts Iceland's EU debate back to life

Icelanders vote on August 29 whether their country should make a second attempt at joining bloc




Save

**Mari Novik** in Grundarfjörður







REPORT

# In Iceland, it is all about fish , and on Saturday also about 'Brussels'.

By **Sterre Lindhout**
Photo and video **Julius Schrank**
August 28, 2026, 05:00

Fish is the main reason to say 'no' to the EU, according to Georg Arnarson. 'But I also see many reasons to say yes.' We have to wait a moment for an explanation, because the 63-year-old Icelander is climbing a mountain; so green that it looks like extraterrestrial velvet. But also damn steep. Over his shoulder, clad in purple lycra, Arnarson carries a landing net with a handle a full four meters long.



„Íslenskar strandveiðar eru nú ómissandi þáttur í mörgum sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Þær blása lífi í byggðarlög og hafnir og skapa jafnframt afleidd störf. Strandveiðar hafa eflt mörg þessara samfélaga og hafna þeirra...

Strandveiðarnar eru komnar til að vera. Þær njóta trausts pólitísks stuðnings og óhugsandi væri að leggja þær af, ekki síst vegna þess að strandveiðisjómenn og aðrir smábátaeigendur eru öflugur hagsmunahópur.“

– Daði Már Kristófersson, 2021

„Íslenskar strandveiðar eru nú ómissandi þáttur í mörgum sjávarbyggðum á landsbyggðinni. Þær blása lífi í byggðarlög og hafnir og skapa jafnframt afleidd störf. Strandveiðar hafa eflt mörg þessara samfélaga og hafna þeirra...

Strandveiðarnar eru komnar til að vera. Þær njóta trausts pólitísks stuðnings og óhugsandi væri að leggja þær af, ekki síst vegna þess að strandveiðisjómenn og aðrir **smábátaeigendur eru öflugur hagsmunahópur**.“

– Daði Már Kristófersson, 2021